

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028,**  
**þjónustustaður í Vatnsskarði.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 13. júní 2014 breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, sem samþykkt var í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 4. júní 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 6. júní 2014.

Í breytingunni felst að óbyggt svæði í Vatnsskarði við Borgarfjarðarveg nr. 94 breytist í lítið afþreyingar- og ferðamannasvæði. Gert er ráð fyrir minni háttar mannvirkjum til að bæta þjónustu við ferðafólk, s.s. þjónustuhúsi og bílastæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 13. júní 2014.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2014